



Ljósmynd/Carsten

Útgáfunefndin: Herdís Ólafsdóttir, Ingibjörg Bergþórsdóttir og Katrín Georgsdóttir.

# „Vinnandi hendur með eld í æðum“

### Bókmenntir

Jenna Jensdóttir

Og þá rigndi blómum, smásögur, ljóð og leikrit eftir 142 borgfirskar konur.  
 Umsjón og efnisval: Ingibjörg Bergþórsdóttir.  
 Útg.: Samband borgfirskra kvenna og Hörpuútgáfan Akranesi, 1991.

Léfum við okkur hjá lækjum, lundin var afar glöð þær stundir. Heyrdum við óm af orðum einatt í hólum og steinum, leið þaðan ljúfur klíður. Lögdum við eyrun og þögðum. Ljóð voru í lækjarníði, ljóð voru í blænum þýða, ljóð voru í litríkum blöðum, ljóð voru í fuglaskíði.

(Bls. 261.) SB

Bók þessi var gefin út í vor í tilfni af 60 ára afmæli SBK. Það er sannarlega mikill og eftirtektarverður dagnaður að safna skáld-

skap eftir borgfirskar konur í 267 blaðsíðna bók. Auk Ingibjörgar Bergþórsdóttur voru þær Herdís Ólafsdóttir og Katrín Georgsdóttir í útgáfunefnd.

Í formála getur Ingibjörg þess að elsti höfundur í bókinni sé Steinunn Finnisdóttir, danskvæða- og rímnaskáld (f. kringum 1640). Einnig á þar ljóð Júlíana Jónsdóttir frá Rauðugili, sem var fyrst íslenskra kvenna til að gefa út ljóðabók. Yngsti höfundurinn er Jenna Huld Eysteinsdóttir, aðeins fjórtán ára. Annars er það áberandi að því nær sem dregur nútímanum virðist borgfirskum skáldkonum fara fækkandi – ef dæma má af innihaldi bókanna.

Hér eru ljóð í meirihluta, næst smásögur, sögukaflar og leikþættir. Heildarsvipur ljóða minnir um margt á bókina Íslensk alþýðuskáld, sem Ragna Steinunn Eyjólfsdóttir safnaði í og út kom 1990. Þó eru nokkuð skörp skil þar á því að hér mæla einungis konur og þeirra reynsluveröld setur sterkan

svip á skáldskapinn.

Sjóndeildarhringur flestra skáldanna er markaður af lífsferli og ævistörfum sem oftast eru bundin sveit, búi og börnum. Yfir hvílir viss ró þess sem þekkir hvorki heimslit né heimsósóma. Næm augu fyrir fegurð og störfengleik náttúrunnar verður rauður þráður. Erfiðleikar dags og tíma birtast fremur í auðmýkt gagnvart því óumflýjanlega en uppreisn gegn því. Kannski vegna þess er lítið um dramatískan skáldskap í bókinni?

Það vakti ekki fyrir útgáfunefnd að gefa út úrval, heldur sýnishorn eftir allar þær borgfirskar konur – bæði lífs og liðnar – er til náðist í efni frá. Skáldskapurinn er því upp og ofan. Þegar horft er til þess að næstum hver Íslendingur á einhvern skáldskap í fórum sínum, þá verður spurn á vörum. Þekktar skáldkonur eru hér nokkrar og bera þær bókina uppi. Þó eru hér margar lítt og ekkert þekktar sem eiga vandaðan skáldskap. Meðal smásagna má þar nefna söguna á bls. 133. – Svo gripið sé niður í ljóð (bls. 202):

Vakna blóm á vordögum eiga nætur í móðurmoldu, brosa við sólu, en blaðskrúði flettir fjallablær.

Tveir karlmenn eiga ferskeytlur í bókinni (bls. 224 og 234) og einn á hálfu (bls. 290). Æ, þurftu þeir endilega að vera með? Mistök? Margar ferskeytlanna eru snjallar.

Og þá rigndi blómum ber vott um mikla framtakssemi og bókmenntalegan áhuga þeirra er að henni standa, því hlýtur hún að vera kærkomin þeim er skyggast vilja inn í hugarheim kvenna, borgfirskra, gegnum áratíð.

Allur frágangur á bókinni er með ágætum og kápuljósmynd hreint augnayndi.

Að lokum verður hér gripið niður í listilega smásögu (bls. 314): „Mamma hennar snarstansaði skelfingu lostin í framan. Hún greip fyrir andlitið. Hún kraup fyrir framán hana á stígunum og tók báðar hendur hennar í sínar og bað hana fyrirgefnar, öldungis miður sín...“

# „Um söknuðinn, ástina og dauðann“

### Bókmenntir

Ingi Bogi Bogason

Margrét Lóa Jónsdóttir: Ávextir. (55 bls.) Mál og menning 1991.

Ávextirnir í þessari bók eru ekki allir sömu gerðar, sumir hafa ekki náð fullum þroska meðan aðrir virðast skemmdir. Og enn aðrir eru auðvitað eins og best verður á kosid, fullþroska og safaríkir.

Með þessu á ég við að höfundurinn slær á furðumarga strengi í ekki lengri ljóðabók. Hann skilur eftir í huga lesandans margs konar þanka og mismunandi kenndir.

Bókin skiptist í fjóra hluta sem bera þessi heiti: *Þögnin undir iljum þínum*, *Ávextir*, *Úr orðabók dauðans*, og *Eftirmæli*.

Ljóð bókanna eru flest tilfinningalegs eðlis fremur en vitsmunalegs. Fyrsti hlutinn, sem er lengstur, virðist mér hafa að geyma mesta breidd að þessu leyti.

Hér eru saknaðar- og ástarljóð (*Í minningu Önnu*, *Nánd*) og ljóð um brostnar vönir (*Örlag*). *Endurfundurir* flytja okkur kaldhæðnisleg hversdagssannindi um manneg samskipti:

Sólin sefur á hliðinni í einmannsrúmi fyrir vestan. Þú fleytir kerlingar með konfektmola. Hótar að rífa úr þér augun og fleygja þeim í vatnið. Þú hefur áhyggjur af því að mér þyki ekki vænt um þig! Að því leyttinu til skipti ég þig máli.

Annar hluti bókanna, *Ávextir*, hefur að geyma sniðuga hugmynd sem mér sýnist samt ekki ganga upp. Hér eru fjögur ljóð sem bera heiti ákveðinna ávaxta. Óvíst er hvort ávextirnir hafi táknaða tilvísun, sé svo þá er hún harla óljós. Seinustu tveir hlutarnir hverfast um dauðann. Og það er fleira dauði en líkamisdauði. Sjötta ljóðið í *Úr orðabók dauðans* er svo:



Margrét Lóa Jónsdóttir

undarlegt að menn skuli alltaf bregðast eins við þegar þeir elska og nota jafnvel sömu orðin upp aftur og aftur

Samkvæmt þessu „deyja“ bæði athafnir manna og ásetningar, verða að einskisverðum klisjum. Ekki svo að skilja að dauðamótívið beri bara að skilja yfirferðum skilningi.

Tvö ljóð af þessum toga sýnast mér kallast á í bókinni, *Langþráð nótt* í fyrsta hluta og þetta nafnlausu ljóð í seinasta hluta:

hugleiðir lífslöngun deyjandi manns á meðan þú kastar þér fram af

gegn kraftinum gegn lönguninni

Í mörgum ljóðunum býr dauðinn yfir miklu aðdráttarafi sem erfitt er að standa gegn. Lífsviljinn, þótt sterkur sé, vikir fyrir þessu sejdandi og lamandi fyrirbrigði, dauðahneigðinni.

# Minimal innsetningar

### Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Innsetningar Ívars Valgarðssonar, sem nú standa yfir í vestralsal Kjarvalsstaða í boði menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar, eru sennileg ein erfiðasta sýningin sem almennum listunendum hefur verið boðið upp á þar á bæ á þessu ári. Það er freistandi fyrir sýningargesti að vísa henni einfaldlega frá sér; en það er af auðveld lausn, flótti frá mótlætinu, sem engum hugsandi manni er samboðin. Því þarf að takast á við viðfangsefnið og reyna að brjóta það til mergjar.


Ívar Valgarðsson hefur allt frá upphafi síns ferils einkum unnið í anda tveggja listastefna, sem komu frá á sjöunda áratugnum, Minimalisma annars vegar og konceptsins eða hugmyndalistarinnar hins vegar. Því verða sýningargestir að hafa örhlita innsýn í þessar listastefnur til að geta nálgast verk Ívars á þessari sýningu.

Minimalisminn kom upp í Bandaríkjunum og gjörbreytti um tíma viðhorfum manna til höggmyndarinnar. Við gerð verka í þessum anda skildi aðeins unnið

út frá frumformum rúmfræðinnar (sívalning, kúlu, kubb o.s.frv.) og þannig byggja upp höggmyndir, þar sem persónuleg frásögn, tjáning og úrvinnsla er með öllu útilokuð; áhrif verksins áttu að byggjast á samspiли eins fárra og einfaldrá formatríða og mögulegt var, þannig að einungis innsta eðli listarinnar stæði eftir.

Hugmyndalistinn var eðlilegt framhald þessa. Þar var gildi listhugtaksins sjálfs dregið í efa, þ.e. hvort það eigi sér nokkra tilvísun í umheiminum, og þar með hvort lista„verk“ hafi nokkurt listrænt gildi; í stað efna eins og málningar og marmara tóku listamenn því að nota hugtök sem hráefni listaverk. Þar sem hugtök þurfa ekki formgerð höfnuðu listamenn hefðbundnum tjáningarleiðum í listinni en notuðu þess í stað ritað mál, ljósmyndir, kort, kvikmyndir og vide myndir. Íslenskir listunendur hafa fengið góð tækifæri til að kynna verkum af þessu tagi í ýmsum sýningum á þessu ári, t.d. sýningu Yoko Ono og sýningu Sigurðar Guðmundssonar í Listasafni Íslands.

Á áttunda áratugnum voru þessar listastefnur kynntar sem trúboð, lausn listanna úr hlekkjum listasögunnar (m.a. með herópinu „málverkið er dautt), en



Ívar Valgarðsson: „Hvít, hvít.“ Hvít innanhúsmálning. 1991.

síðan hefur vegur þeirra minnkad, og þær eru nú aðeins hluti af fjölbreyttri flóru myndlistarinnar. Báðar lifa þó enn góðu lífi, og hafa t.d. átt nokkurri endurnýjun að fagna vestan hafs allra síðustu ár.

Ívar Valgeirsson yrkir jörðina í þessum listræna garði, og hann er mjög sjálfur sér samkvæmur í því sem hann gerir. Því miður er gestum ekki boðið upp á neinn vegvísi nema þeir kaupi faglegra unna sýningararkrá, og þar er meginþexti frekar miðaður við þá sem vita en hina, sem vilja kynna; það er misráðið. Viðhorf listamannsins er hins vegar skýrt og sett fram á hnitmiðaðan hátt:

„Verk mín eru úr tilbúnum efniseiningum sem hafa eingöngu vísanir til eigin eðlis og veruleika. Formgerð og uppröðun ræðst af þeim hugmyndum sem ég geri mér um slík efni. Endurtekning er áhersluauki og ákveðið hlutfall er fullnægjandi. Ég hafna

varanlegri efnisgerð. Ekkert er varanlegt, ekki heldur viðhorf. Ég forðast tilfinningalega nálgun með verkin fingraför, nudd, hnoð, og hafna persónulegri tjáningu. Lítir eru mjög mikilvægir, þess vegna nota ég mjög lítið af þeim. Listamenn hafa ábyrgð.

Það er því ljóst að hér er mikil alvara á ferð; tilfinningar og persónuleg tjáning er útilokuð, og varanlegri efnisgerð er hafnað. Gestum er ekki boðið upp á neinar skýringar eða hugvagnningar. Í samræmi við höfnun á varanlegri efnisgerð eru efnin í innsetningarnar t.d. fengin að láni, og verður skilað þegar sýningunni lýkur.

Í hugum sumra felst gildi myndlistar í framsetningunni einni saman, og samkvæmt því tekst þessi sýning þokkalega, því hún er fágúð, reyndar nærri dauðhreinsoð; en um leið er sýningin í raun eintal listamannsins við listasöguna, sem einungis er

á færi hinna innvígðu að fylgjast með. Fleiri telja þó að gildi myndlistar felist í þeim neista, sem stundum nær að kvikna milli áhorfenda og einstakra listaverka. – Hér er áhorfandinn hins vegar útilokaður frá verkunum, og honum nánast ekkert færi gefið á að nálgast listina – og slík höfnun leiðir af sér gagnkvæma höfnun. Á því fellur sýningin.

Einstök verk hér eru ekki þess eðlis, að um þau þurfi að hafa mörg orð. Þau eru hins vegar öll efnislega tengd byggingarstarfsemi mannsins og hafa því viðtækari tilvísanir en eingöngu til efnisins, hvað sem listamaðurinn segir. Þetta eru hráefnin; verkið sjálf er eftir, og í þeirri hugsun geta áhorfendur ef til vill helst náð að tengjast því sem hér er á ferðinni.

Sýning Ívars Valgarðssonar í vestralsal Kjarvalsstaða stendur til sunnudagsins 8. desember.